

Rýmingaráætlun Dalvíkurskóla

Í Dalvíkurskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi, útiljós og neyðarlýsing.

Flóttaleiðir eru tvær eða fleiri úr hverju kennslurými.

Í hverri umsjónarstofu skólans við útgöngudyr er nafnalisti með nöfnum nemenda. Þar er einnig teikning sem sýnir flóttaleiðir og söfnunarsvæði fyrir utan kennsluhúsnæði.

Nauðsynlegt er að kennarar kynni sér vel rýmingaráætlun skólans og þjálfari nemendur í að lesa á teikninguna og að fara út eftir þeim flóttaleiðum sem upp eru gefnar.

Ef brunakerfið fer í gang er unnið eftir rýmingaráætlun:

1. Húsvörður og/ eða stjórnandi aðgæta á stjórnstöflu hvaðan brunaboðið kemur. Upptök eru könnuð eins hratt og mögulegt er og haft er samband við slökkvilið ef þörf er á.

2. Húsvörður og eða stjórnandi hafa samband við ritara skólans ef kerfið fer af stað og gefa skýringar á brunaboðinu. Ritari kemur upplýsingum inn í kennslurými skólans í kallkerfi.

3. Kennarar undirbúa rýmingu frá því að brunabjalla fer af stað. Teikning sem sýnir flóttaleiðir, söfnunarsvæði hvers kennslurými og viðbragðsáætlun er í hverri kennslustofu. Nemendum er raðað í stafrófsröð inni í kennslu-stofunni. Kennari athugar hvort flóttaleið úr stofunni er opin/greiðfær samkvæmt upplýsingablaði í stofu.

4. Ef bjallan þagnar fljótlega eftir að hún fer af stað er um bilun eða falsboð að ræða. Þó skal alltaf undirbúa útgöngu nemenda, sbr. liði 2 og 3, en ekki er farið út fyrr en við fulla hringingu eða upplýsingum frá ritara. Ef um falsboð er að ræða er það tækifæri fyrir kennara að ræða við nemendur um eldvarnir og sameiginlega ábyrgð.

5. Ef bjallan fer aftur af stað skal rýma skólann. Nemendur fara út úr stofunni í röð ásamt starfsfólki.

- Nemendur fara í skó eða skóhlífar (ekki reima skóna, setja reimarnar niður í skóna).
- Kennari tekur með sér viðbragðsáætlun, nafnalista.
- Húsvörður og stjórnendur fara síðastir og loka hurðum á eftir sér.
- Brýna þarf fyrir börnunum að fara ekki heim, þó að þau búi nálægt skólanum.

6. Nemendur ganga út á söfnunarsvæðið (bannað að hlaupa) í röð á eftir kennara sínum. Nemendur í 1. – 4. bekk leiðast tvö og tvö saman.

7. Fari brunakerfið í gang á meðan á afgreiðslu í mötuneyti stendur skulu nemendur og kennarar, sem þar eru staddir, fara greiðustu leið út og fara á söfnunarsvæði heimastofu.

8. Fari brunakerfið í gang í frímínútum fara nemendur og kennarar greiðustu leið út og á söfnunarsvæði heimastofu. Nemendur sem eru úti á skólalóð fara á sitt heimasvæði.

9. Fari brunakerfi í gang þegar nemendur eru fjarri sinni heimastofu fara þeir greiðustu leit út með kennara og finna söfnunarsvæði heimastofu.

10. Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt afmarkaða söfnunarsvæði. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út (nafnakall).

11. Umsjónarmenn söfnunarsvæðanna eru skólastjórnendur. Þeir taka við upplýsingum um hvort og þá hve margir hafa ekki skilað sér á söfnunarsvæðið sitt og bera saman við forfallalista.

11. Slökkvilið kemur að skólanum, skólastjóri gefa varðstjóra upplýsingar um hvort og þá hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.

12. Farið er með nemendur og starfsfólk af svæðinu í íþróttahús Dalvíkurbyggðar. Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.

Endurskoðað júní 2023